

Reykjavík, 20. mars 2019

Niðurstaða athugunar á þátttöku framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis í atvinnurekstri

Fjármálaeftirlitið tók til athugunar stjórnarsetu og þátttöku framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis í atvinnurekstri, sbr. 56. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Í ljós kom að framkvæmdastjórinn hafði ekki heimild stjórnar viðkomandi fjármálafyrirtækis til að sitja í stjórnnum tiltekinna félaga og taka að öðru leyti þátt í atvinnurekstri með eignarhaldi á hlutum í félögum. Taldi Fjármálaeftirlitið að í því fælist brot gegn fyrrnefndu lagaákvæði.

Við mat á því hvort beita skyldi viðurlögum í málinu var m.a. horft til þess að eftir að málið kom upp lagði stjórn fjármálafyrirtækisins sérstakt mat á hvort eignarhaldið og stjórnarsetan væri samrýmanleg störfum framkvæmdastjórans og var það niðurstaða stjórnar að svo væri. Þá sýndi framkvæmdastjórinn Fjármálaeftirlitinu samstarfsvilja.

Það var því niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að beita ekki viðurlögum vegna brotsins.